

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Skálabrekku í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Skálabrekka í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar þann 10. janúar 2005 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku (landnúmer:
170163) í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 8 frístundalóðum um og yfir 8000 m² að stærð í heimatúni Skálabrekku
1. Lóðirnar sem skipulagið nær til eru Skálbrekkugata 8, 10, 14, 16, 18, 22, 24 og 26.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.